

Til þess að standast skriflegt og/eða munnlegt próf, skal nemandi hljóta lágmarks-einkunnina 5,0, en hæsta einkunn er 10. Meðaleinkunn skal þó eigi vera lægri en 6,0.

Standist nemandi námskröfur skal hann fá útgefið prófskírteini, þar sem fram kemur námsárangur hans.

13. gr.

Stýrimannaskólinn í Reykjavík heldur 8 kennslustunda endurmenntunarnámskeið fyrir þá leiðsögumenn og hafnsögumenn sem óska eftir endurnýjun skírteinis og hafa þegar lokið námskeiði skv. 11. gr. til að vera leiðsögumaður. Stýrimannaskólinn í Reykjavík skipuleggur námskeiðið í samráði við Siglingastofnun Íslands.

Siglingastofnun Íslands er heimilt að viðurkenna sambærilegt endurmenntunarnámskeið frá öðrum skólum.

IV. KAFLI

Viðurlög og gildistaka.

14. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða missi leiðsögumannsréttinda og/eða skipstjórnar-réttinda og sektum skv. 9. gr. laga um leiðsögu skipa nr. 34/1993, nema þyngri refsing liggji við eftir öðrum lögum. Með mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

15. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um leiðsögu skipa nr. 34 frá 27. apríl 1993 og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um leiðsögu skipa nr. 215 frá 28. júlí 1972.

Samgönguráðuneytinu, 27. maí 1998.

Halldór Blöndal.

Helgi Jóhannesson.

4. júní 1998

AUGLÝSING

Nr. 321

um samstarf um almannavarnir.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. laga um almannavarnir, nr. 94 29. desember 1962, sbr. lög nr. 85 2. júlí 1985, hefur verið ákveðið:

að Reykjavíkurborg, Mosfellsbær, Seltjarnarnesbær og Kjósarhreppur skuli hafa samstarf um almannavarnir, með því að hafa eina almannavarnanefnd fyrir svæðið, auk sérstaks framkvæmdaráðs og sameiginlegrar aðgerðastjórnar. Kemur þetta fyrirkomulag í stað þess sem kveðið er á um í 8. gr. laga um almannavarnir um skipan almannavarna.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Þetta tilkynnist hér með þeim sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 4. júní 1998.

Ólafur W. Stefánsson.

Hjalti Zóphóníasson.